

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1969

1. apríl 1969.

201

Nr. 8.

L Ö G

um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði Íslands eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn að fjárhæð allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

1. apríl 1969.

Nr. 9.

L Ö G

um aðgerðir í atvinnumálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sam-eiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hverrar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 6. gr.

A 26